

Annáll vorið 2026

Ágæta samkoma

Ég ætla hér að greina frá því helsta sem gerðist á þessari önn en slíkt er venja við útskrift.

Skólastarf hófst 5. janúar með stundatöfluafhendingu en kennsla hófst 6. janúar.

990 nemendur hófu nám í dagskóla og um rúmlega 130 í síðdegisnámi en auk þess stunduðu um 130 grunnskólanemendur nám í einstökum áföngum.

Það eru alltaf einhverjar breytingar á starfsmannahópnum og í upphafi vorannar komu tveir nýir kennarar og einn stuðningsfulltrúi til liðs við okkur

Í upphafi annarinnar var staðfest að Fjölbrautaskóli Suðurnesja væri orðinn UNESCO-skóli. UNESCO hefur starfrækt samstarfsnet skóla á alþjóðavísu frá árinu 1953 en þeir eru nú um 10.000 talsins og starfa í 180 löndum. UNESCO-verkefni auka fjölbreytni í kennsluaðferðum og þekkingu nemenda á málefnum Sameinuðu þjóðanna og heimsmarkmiðunum.

Miðvikudaginn 18. febrúar var uppbrotsdagur í skólanum sem var að þessu sinni helgaður heilsu, vellíðan og kvikmyndum. Boðið var upp á námskeið, fyrirlestra og kvikmyndasýningar. Hinn eini sanni Jón Jónsson mætti svo á svæðið og tók nokkur lög og myndaðist mikil stemning í salnum. Þetta var fimmta árið í röð sem Jón heldur uppi fjörinu á uppbrotsdegi og kappinn brást ekki frekar en fyrri daginn.

Val á Stofnun ársins 2025 var tilkynnt á hátíð Sameykis þann 12. febrúar. Fjölbrautaskóli Suðurnesja varð í 2. sæti í flokki stórra ríkisstofnana í könnuninni en í síðustu þremur könnunum var skólinn í efsta sæti í þessum flokki. Fimm efstu stofnanir í hverjum flokki hljóta titilinn Fyrirmyndarstofnun og fær skólinn þann titil nú í 10. sinn á síðustu tólf árum.

Einn af hápunktum hvers skólaárs er Starfshlaup Fjölbrautaskóla Suðurnesja sem fer alltaf fram föstudaginn fyrir páskafrí. Starfshlaupið hóf göngu sína árið 1994 og hefur farið fram 29 sinnum. Á þessari önn vildi svo illa til að óveður skall á keppnidaginn og þurfti því að aflýsa hlaupinu. Reynt var að koma á minni útgáfu af keppninni eftir páskafrí en ekki reyndist unnt að koma því við. Þetta voru auðvitað mikil vonbrigði en fyrirliðar liðanna og ekki síður umsjónarfólk Starfshlaupsins höfðu lagt mikla vinnu í undirbúning.

Sveitarstjórnarkosningarnar fóru fram í maí og var kosið í skólanum. Í lok apríl mættu fulltrúar framboða í Reykjanesbæ og var kosningafundur á sal. Daginn eftir voru svo svokallaðar skuggakosningar en þær kjósa nemendur sem ekki eru komnir með kosningarétt. Markmiðið er að efla og auka áhuga ungs fólks á lýðræði og kosningum.

Skólanum berast reglulega góðar gjafir og kunnum við velunnurum skólans að sjálfsgöðu bestu þakkir fyrir stuðninginn. Slíkar gjafir eru mjög mikilvægar og efla okkur í því markmiði að bjóða nemendum okkar upp á bestu aðstöðu og tæki sem völ er á.

Á þessari önn fékk vélstjórnardeild góða gjöf frá Vélsmiðju Orms og Víglundar en það var spíssaprófunarbúnaður og vélasteypa.

Skólinn er orðinn öflugur í erlendu samstarfi og er eftirsóttur samstarfsaðili. Á vorönn var gestkvæmt hjá okkur og komu kennarar í starfsspeglanir frá Spáni, Króatíu, Austurríki og fleiri löndum. Að auki komu tveir stórir kennarahópar til að fræðast um íslenskt skólakerfi og FS. Kennarar skólans eiga hrós skilið fyrir vilja sinn til að taka þátt í erlendu samstarfi og hleypa erlendum kollegum inn í kennslustofu til sín.

Þrír hópar nemenda ásamt kennurum fóru erlendis á önninni. Nemendur á tölvubrautum fóru til Svíþjóðar í mars þar sem þeir tóku þátt í Nordplus verkefni. Átta nemendur af smíða- og rafvirkjabrautum fóru með kennurum til Córdoba á Spáni þar sem þeir mættu í skóla og fengu að heimsækja fyrirtæki sem eru sérhæfð í þessum iðnum. Átta hárgreiðslunemar fóru til Barcelona ásamt kennurum sínum þar sem þeir sóttu námskeið í akademíu þar. Auk þessa fóru tveir sjúkraliðanemar til Danmerkur í starfsnám en þar voru þær í tæpar þrjár vikur.

Hópur níu ungerskra nemenda ásamt tveimur kennurum heimsótti skólann í apríl. Þau gistu hjá nemendum okkar og tóku þátt í vikulangri dagskrá en nemendur okkar munu endurgjalda heimsóknina í haust.

Mikil gróska er í erlendu samstarfi og möguleikum sífelld að fjölga, bæði fyrir nemendur og starfsfólk.

Starf nemendafélagsins NFS var öflugt á önninni. Þar má nefna Valentínusarviku, útvarpsviku, íþróttaviku og góðgerðaviku. Nemendafélagið stóð einnig fyrir skemmtikvöldum á sal skólans, lazertagkeppni, glæsilegri árshátíð og auðvitað hinum ómissandi dansleikjum.

Stærstu fréttirnar úr félagslífinu voru án efa að Guðjón Þorgils Kristjánsson sigraði í Söngkeppni framhaldsskólanna sem fór fram í Háskólabíó 11. apríl. Þetta er í fyrsta sinn sem fulltrúi FS sigrar í Söngkeppni framhaldsskólanna. Guðjón tryggði sér þátttökurétt í keppninni með því að fara með sigur af hólmi í Hljóðnemanum í lok janúar.

Nýtt tölublað af skólablaðinu Vizkustykki kom út undir lok annarinnar. Blaðið er skemmtilegt og glæsilegt eins og venjulega og að þessu sinni er það lítríkt og líflegt. Lið skólans stóð sig vel í mælsku- og rökræðukeppni framhaldsskólanna, Morfís og tapaði með minnsta mun fyrir liði Kvennaskólans og var okkar fólk reyndar ekki sátt við þá niðurstöðu! Lið skólans keppti að sjálfsögðu í Gettu betur en féll út í fyrstu umferð gegn Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Hópur nemenda tók þátt í Kvikmyndahátíð framhaldsskólanna sem fór fram í mars en þar var Alexandra Rós Þorkelsdóttir valin besta leikkonan.

Þess má geta að Foreldrafélag FS hefur styrkt starf nemendafélagsins myndarlega undanfarin ár. Á þessari önn styrkti félagið MORFÍS-lið skólans og keppanda okkar í söngkeppni framhaldsskólanna auk þess að niðurgreiða miðaverð á árshátíð nemenda þannig að sem flestir gætu sótt hana.

Nemendur tóku sér ýmislegt fyrir hendur á önninni fyrir utan hefðbundna kennslu.

Nemendur í myndlist voru virkir á önninni. Á gangi á 2. hæð eru tvö rými þar sem nemendur sýna verk sín og hafa þó nokkrar sýningar verið þar í vetur. Myndlistarnemendur heimsóttu einnig sýningar í Listasafni Reykjanesbæjar og unnu verkefni í kjölfarið.

Haraldur Bergvinsson hjá KLAK Icelandic Startups og Fida Abu Libdeh, framkvæmdastýra og stofnandi GeoSilica heimsóttu nemendur í frumkvöðlafræði.

Nemendur í vélstjórn og málmíðnum heimsóttu KAPP, Geislatækni og sorpbrennslustöðina Kólku.

Nemendur í síðdegisnámi í pípulögnum heimsóttu HS Veitur og Reykjanes Invest.

Nemendur í uppeldisfræði fóru í heimsóknir í leikskóla á svæðinu í vor. Þeim var vel tekið og höfðu leikskólastjórar orð á því hvað þau voru áhugasöm og skemmtileg.

Nemendur í íþróttufræði heimsóttu höfuðstöðvar Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands og kynntu sér starfsemi íþróttadeildar Morgunblaðsins.

Um 150 nemendur í íslenskuáföngum fóru í heimsókn í Eddu, hús íslenskra fræða, Þjóðminjasafnið og Veröld í lok apríl.

Hópur sjúkraliðanema fór í heimsókn á nýtt heimili Hrafnistu í Reykjanesbæ

Hársnyrtinemar fóru í heimsókn í Tækniskólann og Ison heildverslun og fengu nýútskrifaðan hársnyrtisvein sem gestakennara.

Útskriftarnemar á listnámsbraut tóku þátt í Barna og ungmennahátíð Reykjanesbæjar og sýndu verk sín í Bíósalnum í Duushúsum. Að sýningunni lokinni keypti skólinn eitt verkanna og fyrir valinu varð verk Söndru Maríu Rawluszko en það er til sýnis hér við stigann. Skólinn keypti einnig verk eftir útskriftarsýningu listnámsnemenda í fyrra og er ætlunin að kaupa eitt verk árlega.

Nemendur á starfsbraut fengu heimsókn frá samfélagslögreglunni sem kynnti fjölbreytt störf lögreglunnar Útskriftarnemar heimsóttu fyrirtæki og kynntu sér starfsemi þeirra en það voru Bókasafn Reykjanesbæjar, Isavia, Sporthúsið og leikskólinn Hjallatún. Þá fengu útskriftarnemar á brautinni einnig kynningu á háriðnabraut skólans.

Nemendur á afreksíþróttalínu fá fræðslu varðandi ýmislegt er viðkemur íþróttum og heilsu. Systkynin Emma Steinsen og Agnar Smári Jónsbörn litu við en þau eru bæði afreksfólk í íþróttum og fluttu áhugaverðan fyrirlestur sem þau kalla Á bak við grímuna en þar ræddu þau um mótlæti, sigra, einlægni, alvöru og árangur.

Nemendur í frumkvöðlafræðiáfangu tóku þátt í verkefni JC, Ungir frumkvöðlar en þar stofna nemendur sitt eigið fyrirtæki og reka. Alls voru stofnuð níu fyrirtæki sem tóku þátt í Vörumessu í Smáralind 17. og 18. apríl Til að undirbúa sig héldu hóparnir sína eigin vörumessu á sal skólans fimmtudaginn 9. apríl. Þar kynntu þau sig og vörurnar sem þau hafa þróað. Þar mátti m.a. sjá öpp, skrautmuni, matvörur o.fl.

Undir lok skólaársins fengum við þær fréttir að Kristján Ásmundsson skólameistari hefði sagt starfi sínu lausu. Kristján kvaðst ósáttur við framgöngu stjórnvalda varðandi húsnæðismál og aðstöðu skólans og ákvað því að ljúka ekki síðasta árinu af skipunartíma sína. Það þarf ekki að taka fram að það verður mikill sjónarsviptir af Kristjáni en hann hefur starfað við skólann í 40 ár og reynst farsæll kennari og stjórnandi.

Dimissio fór fram fimmtudaginn 30. apríl en þá bjóða væntanlegir útskriftarnemendur upp á dagskrá á sal. Þessi dimissio var sú fjölmennasta í sögu skólans enda hafa útskriftarhópar vorannar stækkað verulega undanfarin ár og þátttakan var óvenjumikil í ár. Að þessu sinni var litagleðin í fyrirrúmi en hópurinn mætti í málningargöllum sem hver og einn hafði skreytt og var gaman að horfa yfir þennan stóra og lítríka hóp. Hópurinn sprellaði aðeins í morgunsárið og samkvæmt venju var svo boðið upp á glæsilegan bröns í mötuneytinu. Síðan var komið að dagskrá á sal þar sem hópurinn byrjaði á að veita viðurkenningar fyrir vel unnin störf og reyndar ýmislegt fleira og þar komu þemakóngurinn, krútt skólans og fleiri við sögu. Síðan var komið að skemmtilegu myndbandi þar sem nemendur gerðu létt grín og eins og oft áður komu bílastæðamálin þar við sögu.

Kæru útskriftarnemendur, ég vil nota tækifærið og óska ykkur til hamingju með útskriftina ykkar. Það hefur verið einstaklega ánægjulegt að kynnast ykkur sem kennari og stjórnandi og eins að sjá ykkur þroskast og dafna í skólastarfinu. Látið drauma ykkar rætast og munið að vilji er allt sem þarf.

Starfsfólki skólans þakka ég samstarfið á önninni og óska ykkur öllum gleðilegs sumars.